



LEB

Landssamband eldri borgara

## 377. – Stjórnarfundur LEB 18. desember 2023

Kl. 13.00 – fjárfundur

### **Mættir:**

**Aðalstjórn:** Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

**Varastjórn:** Ásgerður Pálsdóttir

Fjarverandi: Jónas Sigurðsson og Magnús Jóhannes Magnússon varamenn.

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

### **Dagskrá**

#### **1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 3. nóvember, borin upp**

*Samþykkt*

#### **2. Samstarf við U3A**

Haldinn var formannafundur LEB á dögnum þar sem farið var yfir samkomulag LEB við U3A um afnot af fyrirlestrum þeirra fyrir öll aðildarfélög LEB utan höfuðborgarsvæðisins. Var mikill hugur í formönnum að nýta fyrirlestrana til eflingar félagsstarfs.

#### **3. Samræða við TR**

Reglulegir fundir með lykilstarfsmönnum TR er mikil bragarbót á samskiptum við þessa stofnun. Á síðasta fundi var einkum sjónum beint að útreikningi ellilífeyris þeirra sem fresta tölku ellilífeyris. Nýlega tók gildi lagabreyting sem heimilar frestun allt til áttæðs. Því skiptir miklu að útreikningar séu með því móti að frestun sé raunverulega til hagræðis fyrir ellilífeyristaka vegna frestunarinnar.

Fulltrúar LEB á fundinum gengu hart eftir svörum um hvernig útreikningi er háttað af hálfu TR og hvort reikningsaðferðin samræmist lögum og þá markmiði laganna, eins ef um aðeins reglugerðarákvæði er að ræða; hvað þá ákvæði í greinagetri með frumvarpinu.

Mikilvægt að fá þetta á hreint.

#### **4. Bjartur lífsstíll**

Formaður tilkynnti að samningur hefði verið undirritaður af hálfu félags- og vinnumarkaðsráðherra um framlengingu á verkefninu Heilsuefling 60+ sem hefur fengið heitið bjartur lífsstíll til eins árs, 2024. Þá mun mennta- og barnamálaráðherra styrkja verkefnið af hálfu ÍSÍ. Ásgerður og Margrét Regína munu áfram starfa sem verkefnastjórar.

*Fögnuðu stjórnarmenn þessu.*

**LEB**

Landssamband eldri borgara

## 5. Árshlutauppgjör

Sigrún gjaldkeri kynnti bráðabirgðauppgjör á ársreikningi LEB fyrir fyrstu 10 mánuði ársins. Góður og mikill viðsnúningur hefur enn orðið og eru reikningar jákvæðir eins og verið hefur síðan árið 2020 en þá var halli á starfsemi LEB. Þar munar að síðustu ár hefur fengist rekstrarstyrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Skrifstofustjóri skilaði inn umsókn í haust fyrir rekstrarstyrkjum árin 2024 og 2025. Svares er að vænta 1. febrúar nk. frá ráðuneytinu.

*Fögnuðu stjórnarmenn þessu.*

## 6. Næstu verkefni skrifstofu

### a) Ársskýrslur

Ársskýrsluform verður sent út til aðildarfélaga í janúar

### b) LEB blaðið

Viðræður verða við Rögnu Gestsdóttur blaðamann í janúar um að hún taki að sér ritstjórn blaðsins 2024, eins og hún gerði 2023. Enda hafði hún staðið vel að verki.

### c) Afsláttarbókin

Í janúar hefst vinnan að fullu við Afsláttarbókina 2024, en Leturstofan ehf. mun vinna verkið eins og síðustu ár í góðu samstarfi við skrifstofu LEB og FEB. Væntanlega mun hún koma út um mánaðamótin febrúar/mars.

### d) Landsfundur 2024

Formaður leggur til að stefnt verði á að halda Landsfund 2024, þriðjudaginn 14. maí og verði hann í Reykjavík að þessu sinni.

## 7. Starfsmannamál

Í lok september tilkynnti skrifstofustjóri að hann muni láta af störfum 15. janúar 2024.

Enn hefur ekki verið ráðinn neinn í hans stað og eru formaður og varaformaður að leggja nú upp í þann leiðangur að finna nýjan skrifstofustjóra. Núverandi skrifstofustjóri hefur fallist á að vinna þangað til að nýr hefur verið ráðinn og starfa með honum eitthvað til að byrja með, en hann mun þó ekki starfa lengur en í mesta lagi til maíloka.

## 8. Önnur mál

### a) Stjórnarlaun

Formaður vakti athygli á að þóknun fyrir stjórnarfundi hefði ekki hækkað árum saman, ekki svo elstu menn í stjórn myndu til, hann bar því fram eftirfarandi tillögu:

”Stjórn LEB samþykkir tillögu formanns um að hækka stjórnarlaun um fimm þúsund krónur fyrir hvern fund. Sama greiðsla komi til fyrir setu í Kjaranefnd LEB.

Formaður gerir einnig tillögu um að greidd verði sömu laun til fulltrúa LEB sem sitja í ólaunuðum nefndum í stjórnkerfinu.“



**LEB**

Landssamband eldri borgara

Gjaldkeri lagði til að þessi tillaga tæki gildi frá og með síðasta landsfundi LEB sem haldinn var 9. maí 2023

*Báðar tillögurnar samþykktar einróma*


**b) Kjaranefnd LEB**

Þorbjörn formaður kjaranefndar sagði frá nýlegum fundum sem hann og kjaranefnd hafa haldið með ýmsum forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar sem og fyrrverandi forystumönnum sem nú eru orðnir eftirlaunamenn. Hann er bjartsýnn á að verkalýðshreyfingin muni taka upp kjaramál eldra fólks í komandi kjaraviðræðum, þegar ríkisstjórnin kemur að borðinu. En það þurfi að vinna ötullega að málinu ef það á að takast.

Eins þarf að vinna ötullega í búsetuúrræðum fyrir eldra fólk, hvort heldur fjölgun rýma á hjúkrunarheimilum til að náist að útskrifa fólk af sjúkrahúsum sem býður eftir slíkum úrræðum, eða sjálfstæð búsetuúrræði með mismunandi þjónustustig.

*Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 14.20. Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.*

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum LEB, fimmtudag 25. janúar 2024

  
Helgi Pétursson formaður LEB